



**Stjórnarráð Íslands**  
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is  
545 8200

Sölvhólsgötu 7,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

Reykjavík 21. september 2022  
Tilv.: IRN22030159/4.13.2

Innviðaráðuneytinu hefur borist hjálögð kvörtun vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins Rangárþings ytra vegna meintrar ólögmætrar stjórnarsýslu sveitarfélagsins í tengslum við úthlutun lóðarinnar Sandöldu 12. Af kvörtuninni má ráða að sveitarfélagið hafi ekki virt úthlutunarskilmála vegna úthlutunar lóðarinnar.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er hér með óskað eftir upplýsingum um aðdraganda og meðferð þessa máls í stjórnarsýslu sveitarfélaganna ásamt gögnum málsins, þ.m.t. auglýsingu sveitarfélagsins um hina tilteknu lóðaúthlutun og þá úthlutunarskilmála sem giltu um úthlutunina.

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt í netfangið [irn@irn.is](mailto:irn@irn.is), eigi síðar en miðvikudaginn 14. október nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson

Fylgiskj.: Erindi kvartanda dags. 24 mars 2022